



Fundargerð

1468. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
23. maí 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir staðgengill bæjarstjóra, Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.

Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Gunnar Felix Rúnarsson sat fyrir hana.

* * *

1. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs (2023110265)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Anna Karen Sigurjónsdóttir verkefnastjóri sjálfbærnimála mættu á fundinn.

Lögð fram samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjaneshæ. Felur það í sér úrsögn úr núgildandi samþykkt þar sem ný mun taka gildi í kjölfar staðfestingar bæjarstjórnar og ráðuneytis umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins.

Bæjarráð samþykkir drögin og vísar samþykktinni í fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 4. júní.

2. Reykjaneshær 30 ára - dagskrá afmælisviku (2024010135)

Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra kynnti hvaða viðburðir verða í afmælisviku Reykjaneshæjar 10. til 17. júní.

Bæjarráð þakkar fyrir kynninguna og lýsir yfir ánægju með þá fjölbreyttu viðburði sem íbúum og gestum Reykjaneshæjar verður boðið upp á í afmælisviku sveitarfélagsins sem auglýst verður á næstu dögum.

3. Umsögn um geymslustað ökutækja í útleigu - LC 21 ehf., Kliftröð 1 (2024050153)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagnar.

4. Tækifærisleyfi - Hljómahöll-veitingar ehf. (2024050226)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 16. maí 2024 (2024010212)
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.
6. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2. maí 2024 (2024010259)
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
7. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 14. maí 2024 (2024030007)
Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.
8. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 15. maí 2024 (2024010205)
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.
9. Aðalfundur Keilis 29. maí 2024 (2024050303)
Lagt fram aðalfundarboð Keilis. Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttir formanni bæjarráðs að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundinum.
10. Bókasafn Reykjanesbæjar - flutningur í Hljómahöll (2022110463)
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir verkefnastjóri vegna flutnings Bókasafns Reykjanesbæjar og Sverrir Bergmann Magnússon bæjarfulltrúi mættu á fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Farið var yfir stöðuna á verkefninu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15